Hagtíðindi
Statistical Series

Sjávarútvegur og landbúnaður
Fisheries and agriculture

2013:4 • 10. desember 2013

# Hagur veiða og vinnslu 2012

*Profitability in fishing and fish processing 2012*

*Samantekt*

**Hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns, EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegs minnkaði milli áranna 2011 og 2012. Í fiskveiðum og -vinnslu lækkaði hlutfallið (án milliviðskipta) úr 30,3% í 30%, lækkaði í fiskveiðum úr 26,4% árið 2011 í 25% af tekjum árið 2012 og lækkaði í fiskvinnslu úr 19,1% í 17,2%.**

**Hreinn hagnaður (EBT) í sjávarútvegi, samkvæmt árgreiðsluaðferð, nam 21,5% árið 2012 samanborið við 22,6% árið áður. Í fjárhæðum nam hagnaðurinn 57,2 milljörðum króna eftir að gjaldfærð hefur verið árgreiðsla að fjárhæð 22,6 milljarðar. Sé miðað við hefðbundna uppgjörsaðferð er niðurstaðan 17,5% hagnaður 2012 eða 46,6 milljarðar, samanborið við 17,1% hagnað árið 2011, enda gætti ekki beinna áhrifa af breytingum á gengi við mat á fjármagnskostnaði sé árgreiðsluaðferðin notuð. Árgreiðsla í veiðum hækkaði hinsvegar árið 2012 frá árinu áður, meðal annars vegna aukins fjölda smábáta sem var að veiðum.**

## Inngangur

Hagstofa Íslands tekur árlega saman yfirlit um rekstur helstu greina sjávarútvegs. Við gerð þess er bæði byggt á skattframtölum rekstraraðila og reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni, og kann hún þeim bestu þakkir fyrir. Yfirlitin sýna afkomu helstu greina veiða og vinnslu sjávarafurða, þ.e. báta í nokkrum stærðarflokkum, uppsjávarveiðiskipa, ísfisktogara, frystitogara, botnfiskfrystingar, botnfisksöltunar, mjöl- og lýsisvinnslu og ferskfiskvinnslu. Ekki er birt sérstakt yfirlit um rekstur í rækjuvinnslu, herslu og síldarsöltun og er rækjuvinnsla birt með frystingu en hersla og síldarsöltun með botnfisksöltun.

Í þessu hefti er birt yfirlit um rekstur ársins 2012. Yfirlit þessi eru færð upp til heildar ásamt yfirliti um efnahag sjávarútvegsins í heild árin 2006–2012. Einnig er sýnd dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í frystingu og söltun, dreifing afkomu 920 fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar árið 2012 auk dreifingar eiginfjárhlutfalls í sjávarútvegi 2011–2012. Þá er birt yfirlit um strandveiðar sem fyrst voru leyfðar á fiskveiðiárinu 2008/2009. Á tímabilinu maí–ágúst fiskveiðiárið 2011–2012 voru veiddar á handfæri um 9.200 lestir af óslægðum botnfiski á strandveiðum. 564 bátar stunduðu eingöngu strandveiðar árið 2012. Yfirlitið er sýnt í töflu 10 og er dregið út úr rekstraryfirliti fyrir báta undir 10 brúttótonnum. Að lokum er yfirlit yfir frystiskip sýnt í töflu 11 þar sem uppsjávarfrystiskip 7 að tölu eru dregin út úr rekstraryfirliti fyrir frystitogara sem veiða botnfisk.

Auk athugana á afkomu sjávarútvegs birtir Hagstofan reglulega ársreikninga fyrirtækja, síðast í maí 2013, sem sýnir afkomuna í flestum atvinnugreinum árið 2011.

Hagstofa Íslands

Þessi yfirlit eru einkum byggð á skattframtölum rekstraraðila en þau nægja ekki þegar ætlunin er að fá aðgreinda mynd af veiðum og vinnslu í sjávarútvegi. Nauðsynlegt er því að afla ýtarlegri upplýsinga beint frá fyrirtækjunum. Þær niðurstöður sem hér birtast eru því að hluta reistar á reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni og kann hún þeim bestu þakkir fyrir.

## Niðurstöður

*EBITDA í fiskveiðum og fiskvinnslu árið 2012 30% af tekjum*

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns eða EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegsins minnkaði milli áranna 2011 og 2012. Í fiskveiðum og -vinnslu lækkaði þetta hlutfall (án milliviðskipta) úr 30,3% í 30% og í fjárhæðum varð hlutdeildin 79,7 milljarðar. Í fiskveiðum lækkaði hún úr 26,4% árið 2011 í 25% af tekjum árið 2012 og lækkaði í fiskvinnslu úr 19,1% í 17,2%.

*Hagnaður botnfiskveiða 15,2% og botnfiskvinnslu 16,1% af tekjum*

Hreinn hagnaður botnfiskveiða og -vinnslu, reiknaður í hlutfalli við tekjur samkvæmt árgreiðsluaðferð, dróst saman úr 24,5% af tekjum árið 2011 í 21,4% árið 2012. Hreinn hagnaður botnfiskveiða minnkaði úr 16,7% af tekjum í 15,2% en hagnaður botnfiskvinnslu úr 19,6% af tekjum í 16,1%. Afkoma sjávarútvegsins í heild varð mjög góð og reyndist hreinn hagnaður 21,5% af tekjum að frádregnum milliviðskiptum með hráefni. Í fjárhæðum nam hagnaðurinn 57,2 milljörðum króna eftir að gjaldfærð hefur verið árgreiðsla að fjárhæð 22,6 milljarðar. Tafla 9 sýnir rekstraryfirlit fiskveiða og fiskvinnslu svo og sjávarútvegsins í heild að frádregnum viðskiptum með hráefni á milli veiða og vinnslu.

Verð sjávarafurða á erlendum mörkuðum í íslenskum krónum hækkaði um 7,2% frá fyrra ári en verð á flotaolíu hækkaði að meðaltali um 14,7 % á milli ára. Útflutningsverðmæti sjávarútvegs jókst um 6,8%, verð á útflutningsvörum í sjávarútvegi hækkaði um 2,1% og magn útfluttra sjávarafurða jókst um 4,6%. Veiðigjald útgerðarinnar fór úr 4,5 milljörðum fiskveiðiárið 2011/2012 í 12,6 milljarða fiskveiðiárið 2012/2013. Í reikningum fyrirtækjanna er veiðigjaldið talið með öðrum rekstrarkostnaði.

*Hreinn hagnaður uppsjávarveiðiskipa árið 2012 19,8% af tekjum*

Hagnaður var á rekstri mjöl- og lýsisvinnslu og uppsjávarveiðiskipa á árinu 2012. EBITDA mjöl- og lýsisvinnslu var 30,4% og uppsjávarveiðiskipa 29,4% af tekjum. Afli þessara skipa var um 48% meiri en fyrra ár.

*EBITDA strandveiða 7,2%*

Um 564 bátar, flestir minni en 10 brúttótonn, voru eingöngu við strandveiðar á árinu 2012. Afli bátanna var um 9.200 tonn og aflaverðmætið rúmlega 2,5 milljarðar. EBITDA strandveiðanna árið 2012 var 7,2%. Í töflu 10 er sýnt rekstraryfirlit strandveiðibáta ásamt rekstraryfirliti báta undir 10 brúttótonnum.

*Árgreiðsla eða hefðbundið uppgjör 2012*

Nokkur munur er á afkomu sjávarútvegsins árið 2012 þegar milliviðskipti hafa verið felld út, eftir því hvort hagnaður er reiknaður eftir árgreiðsluaðferð eða á hefðbundinn hátt miðað við gjaldfærðar afskriftir og fjármagnskostnað. Hreinn hagnaður eftir árgreiðslu var 21,5% en 17,5% sé miðað við hefðbundna uppgjörsaðferð. Munurinn stafar meðal annars af því að beinna áhrifa af breytingum á gengi við mat á fjármagnskostnaði gætir ekki þegar árgreiðsluaðferðin er notuð. Þá er vert að geta þess að árgreiðslan felur í sér gjaldfærslu sem nemur 6% af stofnverði rekstrarfjármuna hvort sem þeir fjármunir eru fjármagnaðir með lánsfé eða eigin fé. Við hefðbundnar uppgjörsaðferðir er aftur á móti gjaldfærður vaxtakostnaður eins og hann varð af lánsfé en engir vextir eru reiknaðir af eigin fé.

Hjá strandveiðibátum sýnir árgreiðsluaðferðin mun lakari afkomu en sú hefðbundna því fjöldi strandveiðibáta sem veiðir takmarkaðan afla er mjög mikill og því verður árgreiðslan, sem er reiknuð út frá vátryggingarverðmæti bátanna, hlutfallslega mjög há. Ekki var unnt að meta afkomu í rækjuvinnslu árið 2012.

*Eigið fé sjávarútvegs í árslok 2012 tæpir 106 milljarðar*

Samkvæmt efnahagsreikningi voru heildareignir sjávarútvegs í árslok 2012 rúmir 535 milljarðar króna, heildarskuldir rúmir 429 milljarðar og eigið fé tæpir 106 milljarðar. Verðmæti heildareigna lækkaði um 2,2% frá 2011 og skuldir lækkuðu um 3,2%. Breytingar á niðurstöðum efnahagsreiknings milli 2011 og 2012 skýrast að nokkru leyti af breytingum á eignarformi sjávarútvegsfyrirtækja sem gera reikningana ekki fyllilega sambærilega milli ára. Eiginfjárhlutfallið reyndist 19,9% en var 19,1% í árslok 2011. Eiginfjárhlutfallið var neikvætt um tæplega 12% í árslok 2008 en árin þar á undan var eiginfjárhlutfallið á bilinu 24–29%. Í töflu 8 er sýnd dreifing eiginfjárhlutfalls þeirra fyrirtækja sem eru í úrtaki Hagstofunnar árin 2011 og 2012.

Auk þess talnaefnis sem hér birtist má vísa til sambærilegs efnis um fyrri ár á vef Hagstofunnar: *www.hagstofa.is*.

## English summary

**Statistics Iceland has compiled and analyzed the operating accounts of fishing and fish processing companies for 2012 as well as their balance sheets. Information from these statements along with data on exports and catches were used to measure the overall profitability in the subsectors of these branches of industry.**

**The results show the profits of the main sub-sectors of these activities such as boats in several size categories, pelagic vessels, wet fish trawlers, freezing trawlers, processing of demersal species like freezing and salting, processing of pelagic and fresh fish processing.**

**The net profit of fishing and fish processing total decreased somewhat between 2011 and 2012 or from 22,6% to 21,5% (according to the annuity approach and 6% rate of return). Net profit of fishing and fish processing of demersal species decreased from the year before or from 24,5% of revenue to 21,4%.**

**Aggregated balance sheet of fishing and fish processing shows that the total worth of assets of the fisheries are ISK 535 billion, liabilities are worth of ISK 429 billion and equity nearly ISK 106 billion.**

**Comparable time series for previous years are available on the web site of Statistics Iceland, www.statice.is.**

## Tafla 1. Hreinn hagnaður sjávarútvegs miðað við árgreiðsluaðferð og 6% ávöxtun

*Table 1. Net profit in fishing and fish processing, using annuity approach (imputed cost of capital) and 6% rate of return*

| Hlutfall af tekjum *Percent of revenue* | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Sjávarútvegur í heild[1, 2]** ***Fishing and fish processing, total[1, 2]*** | **13,4** | **10,3** | **19,1** | **22,0** | **19,8** | **22,6** | **21,5** |
| **1.1 Veiðar og vinnsla botnfisks[2]** | | | | | | | |
| ***Fishing and fish processing of demersal species[2]*** | **18,5** | **12,8** | **24,6** | **25,1** | **21,5** | **24,5** | **21,4** |
| **1.1.1 Botnfiskveiðar** ***Fishing of demersal species*** | **16,5** | **12,6** | **16,2** | **18,3** | **15,9** | **16,7** | **15,2** |
| Bátar *Boats* | 15,6 | 13,6 | 22,4 | 16,4 | 12,5 | 9,6 | 14,3 |
| Togarar *Trawlers* | 19,1 | 17,3 | 5,3 | 23,2 | 20,5 | 20,6 | 16,8 |
| Frystiskip *Freezing vessels* | 16,5 | 8,7 | 14,0 | 18,1 | 17,8 | 21,5 | 16,2 |
| **1.1.2 Botnfiskvinnsla** ***Processing of demersal species*** | **9,7** | **3,3** | **20,2** | **18,7** | **15,3** | **19,6** | **16,1** |
| Frysting *Freezing* | 7,1 | 3,1 | 19,2 | 13,5 | 14,9 | 22,1 | 18,7 |
| Söltun *Salting* | 14,3 | 3,6 | 21,6 | 24,4 | 15,8 | 13,9 | 10,2 |
| **1.2 Veiðar og vinnsla rækju[2]** ***Fishing and processing of shrimp[2]*** | - | - | - | - | - | - | - |
| **1.3 Uppsjávarfisksveiðar og -bræðsla[2]** | | | | | | | |
| ***Fishing and processing of pelagic fish[2]*** | **8,9** | **9,4** | **31,6** | **26,1** | **31,0** | **29,9** | **36,1** |

[1] Hér eru taldar með botnfiskveiðar og -vinnsla, rækjuveiðar og -vinnsla og uppsjávarfisksveiðar og bræðsla. Uppsjávarveiðiskip eru innifalin í frystiskipum og uppsjávarfrysting í frystingu. *Included here are fishing and porcessing of:demersal species, shrimp, and pelagic fish.Pelagic freezers are included in freesing vessels and frozen pelagic product are included in freezing.*

[2] Miðað er við tekjur greinanna alls að frádregnum milliviðskiptum með hráefni. *The income exclude transactions of raw material between enterprises.*

**Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2012**
*Table 2. Operating accounts of fishing 2012*

| Milljónir króna *Million ISK* | Alls *Total* | Bátar undir 10 b.t. *Boats less than 10 GT* | Bátar 10–200 b.t. *Boats 10–200 GT* | Bátar >200 b.t. *Boats over 200 GT* | Uppsjávar-veiðiskip *Pelagic vessels* | Ísfisk-togarar *Fresh fish trawlers* | Frysti-togarar *Freezer trawlers* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Tekjur alls *Operating revenues*** | **164.397** | **7.433** | **23.209** | **25.256** | **22.819** | **21.971** | **63.708** |
| 1.1 Útflutningstekjur *Export products* | 64.432 | 50 | 137 | 1.768 | 54 | 3.666 | 58.756 |
| 1.2 Selt hráefni *Fresh fish for processing* | 94.843 | 7.002 | 22.235 | 22.725 | 22.310 | 17.407 | 3.164 |
| 1.3 Aðrar tekjur *Other income* | 5.121 | 381 | 837 | 763 | 455 | 897 | 1.788 |
| **2. Gjöld alls *Operating expenses*** | **123.252** | **6.603** | **16.661** | **19.511** | **16.108** | **16.275** | **48.095** |
| 2.1 Aflahlutir *Fishermen's shares* | 44.047 | 1.380 | 5.318 | 6.538 | 6.065 | 5.482 | 19.264 |
| 2.2 Önnur laun *Other wages* | 7.126 | 473 | 735 | 1.853 | 1.091 | 590 | 2.385 |
| 2.3 Launatengd gjöld *Labour related costs* | 7.060 | 325 | 693 | 1.354 | 413 | 1.521 | 2.755 |
| 2.4 Olíur *Oil* | 22.540 | 860 | 2.719 | 3.309 | 3.839 | 2.937 | 8.875 |
| 2.5 Veiðarfæri *Fishing gear* | 3.914 | 142 | 192 | 579 | 1.135 | 324 | 1.542 |
| 2.6 Viðhald *Maintenance and repair* | 8.720 | 779 | 830 | 1.279 | 1.487 | 817 | 3.529 |
| 2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. *Packaging and freezing cost* | 1.458 | – | – | – | – | – | 1.458 |
| 2.8 Flutningskostnaður *Transportation cost* | 1.082 | 381 | 390 | 191 | 24 | 55 | 41 |
| 2.9 Laun v/skrifstofu *Salaries* | 526 | – | 30 | 88 | 0 | 135 | 273 |
| 2.10 Skrifstofukostnaður *Overhead cost, excluding salaries* | 4.509 | 678 | 961 | 1.041 | 298 | 366 | 1.165 |
| 2.11 Tryggingar *Insurance* | 1.613 | 117 | 196 | 262 | 300 | 213 | 526 |
| 2.12 Sölukostnaður *Sales cost* | 2.593 | 0 | 121 | 401 | 126 | 855 | 1.090 |
| 2.13 Löndunarkostnaður *Landing cost* | 2.428 | 0 | 96 | 549 | 257 | 441 | 1.084 |
| 2.14 Önnur gjöld *Other expenses* | 15.638 | 1.467 | 4.382 | 2.068 | 1.074 | 2.539 | 4.108 |
| **3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.) *Share of capital, gross*** | **41.144** | **830** | **6.548** | **5.745** | **6.711** | **5.696** | **15.613** |
| Hlutfall af tekjum *Percent of revenue* | 25,0 | 11,2 | 28,2 | 22,7 | 29,4 | 25,9 | 24,5 |
| 4. Afskriftir *Depreciation* | 12.056 | 750 | 669 | 1.189 | 1.967 | 650 | 6.831 |
| 5. Vextir og gengismunur *Interest and exchange rate adjustments* | 6.969 | 364 | 3.516 | 2.479 | 221 | 1.025 | -636 |
| **6. Hreinn hagnaður (EBT) *Profit (6.=3.-4.-5.)*** | **22.119** | **-284** | **2.363** | **2.077** | **4.523** | **4.021** | **9.418** |
| Hlutfall af tekjum *Percent of revenue* | 13,5 | -3,8 | 10,2 | 8,2 | 19,8 | 18,3 | 14,8 |
| 7. Árgreiðsla, 6% *Imputed cost of capital, 6%* | 15.733 | 1.105 | 1.851 | 2.551 | 2.907 | 2.008 | 5.311 |
| **8. Hreinn hagnaður *Profit (8.=3.-7.)*** | **25.411** | **-275** | **4.697** | **3.194** | **3.805** | **3.688** | **10.302** |
| Hlutfall af tekjum *Percent of revenue* | 15,5 | -3,7 | 20,2 | 12,6 | 16,7 | 16,8 | 16,2 |

Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2012 (frh.)
*Table 2. Operating accounts of fishing 2012 (cont.)*

| Milljónir króna *Million ISK* | Alls *Total* | Bátar undir 10 b.t. *Boats less than 10 GT* | Bátar 10–200 b.t. *Boats 10–200 GT* | Bátar >200 b.t. *Boats over 200 GT* | Uppsjávar-veiðiskip *Pelagic vessels* | Ísfisk-togarar *Fresh fish trawlers* | Frysti-togarar *Freezer trawlers* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Upplýsingar um skip** ***Characteristics of vessels*** | | | | | | | |
| Fjöldi *Fleet – number of vessels* | 1.451 | 1.042 | 262 | 62 | 22 | 28 | 35 |
| Brúttótonn (b.t. – meðaltal) *Fleet – average GT* | 703 | 8 | 37 | 358 | 1.492 | 1.188 | 1.831 |
| Skráð lengd (metrar – meðaltal) *Fleet – average length* | 32 | 8 | 14 | 33 | 60 | 46 | 57 |
| Vélarstærð (kW) *Fleet - average kW* | 841 | 124 | 280 | 634 | 1.766 | 41 | 2.915 |
| Meðalsmíðaár *Fleet - building year* | 1986 | 1989 | 1992 | 1977 | 1981 | 1985 | 1988 |
| Vátryggingaverðmæti, milljónir króna *Insurance value, million ISK* | 131.823 | 9.254 | 15.512 | 21.376 | 24.354 | 16.825 | 44.502 |
| **Afli, þúsund tonn** ***Volume, thousand tonnes*** | **1.448,5** | **26,2** | **89,3** | **116,9** | **691,8** | **106,3** | **418,1** |
| Þorskur *Cod* | 204,6 | 16,1 | 46,4 | 57,2 | 1,1 | 51,6 | 32,3 |
| Ýsa *Haddock* | 47,7 | 1,9 | 15,3 | 13,0 | 0,3 | 8,3 | 8,8 |
| Ufsi *Saithe* | 51,0 | 2,5 | 3,2 | 7,8 | 0,5 | 17,0 | 19,9 |
| Karfi *Redfish* | 61,4 | 0,3 | 0,9 | 4,4 | 0,1 | 16,9 | 38,8 |
| Rækja *Shrimp* | 10,5 | 0,0 | 2,1 | 3,9 | – | 1,6 | 3,0 |
| Síld *Herring* | 192,3 | 0,5 | 0,3 | 0,3 | 126,2 | 0,1 | 64,9 |
| Loðna *Capelin* | 582,8 | – | – | – | 456,1 | – | 126,7 |
| Kolmunni *Blue withing* | 64,0 | – | – | 0,0 | 40,3 | 0,0 | 23,7 |
| Makríll *Mackerel* | 151,9 | 0,2 | 0,9 | 4,0 | 67,0 | 4,0 | 75,7 |
| Annað *Other* | 82,4 | 4,7 | 20,2 | 26,2 | 0,2 | 6,9 | 24,2 |
| **Verðmæti, milljónir kr.** ***Value, million ISK*** | **159.272** | **7.049** | **22.373** | **24.493** | **22.364** | **21.074** | **61.920** |
| Þorskur *Cod* | 49.506 | 4.727 | 12.441 | 12.756 | 190 | 10.286 | 9.106 |
| Ýsa *Haddock* | 12.212 | 543 | 4.269 | 2.936 | 66 | 1.876 | 2.523 |
| Ufsi *Saithe* | 9.448 | 449 | 547 | 1.227 | 68 | 2.317 | 4.840 |
| Karfi *Redfish* | 16.515 | 55 | 214 | 1.024 | 46 | 4.014 | 11.163 |
| Rækja *Shrimp* | 3.046 | 1 | 529 | 1.049 | – | 395 | 1.072 |
| Síld *Herring* | 14.586 | 41 | 22 | 12 | 6.233 | 5 | 8.272 |
| Loðna *Capelin* | 15.004 | – | – | – | 11.233 | – | 3.771 |
| Kolmunni *Blue withing* | 2.715 | – | – | 0,0 | 1.059 | – | 1.656 |
| Makríll *Mackerel* | 14.433 | 28,4 | 111 | 374 | 3.455 | 338 | 10.126 |
| Annað *Other* | 21.808 | 1.205 | 4.241 | 5.114 | 15 | 1.841 | 9.391 |

**Skýringar** *Notes*: Við gerð þessa yfirlits hefur úrtak í viðkomandi útgerðarflokki verið stækkað þannig að tekjur af sölu afla stemmi við heildartekjur af sölu afla í viðkomandi útgerðarflokki eins og þær eru áætlaðar af Hagstofu Íslands og Fiskistofu. Tekjur þeirra útgerðardeilda sem eru með í úrtakinu eru 79% af tekjum báta undir 10 brúttótonnum, 82% af tekjum báta 10–200 brúttótonn, 66% af tekjum báta yfir 200 brúttótonn, 74% af tekjum uppsjávarveiðiskipa, 75% af tekjum ísfisktogara og 100% af tekjum frystitogara sem gerir um 88% af heildinni. Inn í rekstraryfirliti frystiskipa eru nokkur skip sem frysta uppsjávarafla. *These operating accounts are of grossed up to anear complete coverage. The sample size of each type of ship has been grossed up to totals with reference to the total value of catch by type of ship as estimated by Statistics Iceland and Directorate of Fisheries. The sample size was as follows: Boats less than 10 GRT 79%; boats 10-200 GRT 82%; boats over 200 GRT 66%; pelagic vessels 74%; fresh fish trawlers 75% and freezer trawlers 100% or 88% of the total. Included in the freezer trawlers operating account are a few trawlers that freeze pelagic species.*

# Tafla 3. Rekstraryfirlit fiskvinnslu 2012
*Table 3. Operating accounts of fish processing 2012*

| Milljónir króna *Million ISK* | Alls *Total* | Frysting *Freezing* | Söltun og hersla *Salting and drying* | Mjöl- og lýsisvinnsla *Fish meal and oil* | Ferskfisk-vinnsla *Fresh fish processing* |
|---|---|---|---|---|---|
| **1. Tekjur alls *Operating revenues*** | **224.279** | **100.540** | **43.855** | **34.001** | **45.882** |
| 1.1 Útflutningstekjur *Export products* | 201.445 | 80.225 | 42.651 | 33.636 | 44.933 |
| 1.2 Innanlandssala afurða *Domestic sale of products* | 17.930 | 17.269 | – | 138 | 523 |
| 1.3 Seldur afli - Selt hráefni | | | | | |
| *Domestic sale of fresh fish* | 1.154 | 525 | 549 | – | 80 |
| 1.4 Aðrar tekjur *Other income* | 3.749 | 2.521 | 656 | 227 | 345 |
| **2. Aðföng alls *Intermediate consumption*** | **158.299** | **65.902** | **32.441** | **22.088** | **37.867** |
| 2.1 Hráefni *Raw material* | 124.456 | 52.687 | 25.982 | 16.295 | 29.493 |
| 2.2 Rafmagn *Electricity* | 2.779 | 977 | 549 | 891 | 361 |
| 2.3 Olíur *Oil* | 1.824 | 57 | 12 | 1.755 | – |
| 2.4 Tryggingar *Insurance* | 374 | 155 | 71 | 113 | 35 |
| 2.5 Umbúðir *Packaging* | 8.721 | 4.125 | 1.529 | 379 | 2.688 |
| 2.6 Flutningskostnaður *Transportation costs* | 4.807 | 1.694 | 680 | 452 | 1.981 |
| 2.7 Viðhald *Maintenance and repair* | 5.706 | 2.594 | 655 | 1.449 | 1.007 |
| 2.8 Önnur aðföng *Other intermediate consumption* | 9.632 | 3.614 | 2.962 | 754 | 2.302 |
| **3. Vinnsluvirði *Value added (3.=1.-2.)*** | **65.980** | **34.638** | **11.414** | **11.914** | **8.014** |
| 4. Laun og tengd gjöld *Compensation of employees* | 26.468 | 12.524 | 5.658 | 1.475 | 6.811 |
| 5. Skattar á framleiðslu *Taxes on production* | 879 | 348 | 205 | 101 | 224 |
| **6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA)** | **38.633** | **21.766** | **5.551** | **10.338** | **979** |
| ***Share of capital, gross*** | | | | | |
| Hlutfall af tekjum *Percentage of revenue* | **17,2** | **21,6** | **12,7** | **30,4** | **2,1** |
| 7. Afskriftir *Depreciation* | 4.845 | 2.144 | 849 | 1.033 | 819 |
| 8. Rekstrarafgangur *Operating surplus (8=6.-7.)* | 33.788 | 19.621 | 4.702 | 9.305 | 160 |
| 9. Vextir og gengismunur *Interest and* | | | | | |
| *exchange rate adjustments* | 9.351 | 3.249 | 2.934 | 755 | 2.413 |
| **10. Hreinn hagnaður (EBT) *Net profit (10.=8.-9.)*** | **24.437** | **16.372** | **1.768** | **8.550** | **-2.253** |
| Hlutfall af tekjum *Percentage of revenue* | 10,9 | 16,3 | 4,0 | 25,1 | -4,9 |
| 11. Árgreiðsla (6%) *Imputed cost of capital, 6%* | 6.843 | 2.979 | 1.338 | 1.439 | 1.087 |
| **12. Hreinn hagnaður *Net profit (12.=6.-11.)*** | **31.790** | **18.786** | **4.213** | **8.899** | **-108** |
| Hlutfall af tekjum *Percentage of revenue* | 14,2 | 18,7 | 9,6 | 26,2 | -0,2 |

**Skýringar** *Notes*: Við gerð þessa yfirlits hefur úrtak í viðkomandi vinnsludeild verið stækkað þannig að útflutningstekjur stemmi við heildartekjur af útflutningi af viðkomandi vörutegundum samkvæmt tölum Hagstofunnar. Útflutningsframleiðsla þeirra vinnsludeilda, sem eru með í úrtakinu, var 76% af útflutningi landfrysts botnfisks, 77% af útflutningi botnfisksöltunar, 98% af útlflutningi mjölvinnslu og 49% af útflutningi ferskra afurða, sem gerir um 83% af heildinni. Ekki er gert sérstakt yfirlit yfir rekstur herslu, hörpudiskvinnslu, síldarsöltun og er rekstur þeirra talinn með rekstri botnfisksöltunar. Rækjuvinnsla er innifalin í frystingu. *These operating accounts are grossed up to a complete coverage. The sample size of each type of processing has been grossed up to totals with reference to the total value of exports by type of processing as estimated by Statistics Iceland. The sample size was as follows: Freezing 76%; Salted fish 77%; fish meal and oil 98%; fresh fish export 49% or 83% of the total. A seperate operating account is not constructed for stock fish production scallop freezing salting of herring and these productions are included in salt fish production. Shrimp production is included in frezzing production.*

## Tafla 4. Efnahagsyfirlit sjávarútvegs 2006–2012
*Table 4. Aggregated balance sheet of fishing and fish processing 2006–2012*

| Milljónir króna *Million ISK* | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Veltufjármunir *Current assets*** | **63.771** | **79.550** | **88.338** | **103.812** | **97.356** | **104.584** | **113.601** |
| 1.1 Sjóður og bankainnistæður | | | | | | | |
| *Cash and bank time deposits* | 17.434 | 27.335 | 26.330 | 43.693 | 36.528 | 36.246 | 31.933 |
| 1.2 Viðskiptakröfur | | | | | | | |
| *Business claims* | 25.505 | 24.613 | 29.903 | 36.378 | 34.647 | 40.318 | 46.624 |
| 1.3 Birgðir *Stocks* | 15.538 | 16.341 | 24.758 | 21.211 | 20.019 | 23.296 | 31.038 |
| 1.4 Aðrir veltufjármunir | | | | | | | |
| *Other current assets* | 5.294 | 11.261 | 7.347 | 2.530 | 6.162 | 4.724 | 4.006 |
| **2. Fastafjármunir *Fixed assets*** | **296.571** | **366.705** | **354.460** | **437.501** | **405.143** | **442.426** | **421.490** |
| 2.1 Áhættufjármunir og langtímakröfur | | | | | | | |
| *Investments and long term claims* | 68.207 | 103.808 | 77.776 | 102.394 | 87.462 | 108.521 | 64.299[1] |
| 2.2 Varanlegir rekstrarfjármunir | | | | | | | |
| *Property, plant and equipments* | 90.399 | 92.335 | 95.344 | 115.157 | 109.980 | 109.010 | 125.578 |
| 2.3 Aðrar eignir *Other assets* | 137.965 | 170.562 | 181.340 | 219.950 | 207.701 | 224.896 | 231.613 |
| **3. Eignir = Skuldir + Eigið fé** | | | | | | | |
| ***Total assets = Total liabilities and equity*** | **360.342** | **446.255** | **442.799** | **541.313** | **502.498** | **547.221** | **535.091** |
| **4. Skuldir *Debts*** | **276.360** | **336.308** | **523.036** | **541.783** | **473.717** | **442.899** | **428.730** |
| 4.1 Skammtímaskuldir *Curremt liabilities* | 61.521 | 82.824 | 119.948 | 146.690 | 114.591 | 113.856 | 106.075 |
| 4.2 Langtímaskuldir *Long term liabilities* | 214.839 | 253.484 | 403.088 | 395.093 | 359.125 | 329.043 | 322.654 |
| **5. Eigið fé *Equity*** | **83.982** | **109.947** | **-80.238** | **-470** | **28.782** | **104.322** | **106.361** |
| 6. Veltufjárhlutfall *Current ratio* | 1,04 | 0,96 | 0,74 | 0,71 | 0,94 | 0,92 | 1,07 |
| 7. Eiginfjárhlutfall *Equity ratio* | 23,3 | 24,6 | -18,1 | -0,1 | 10,5 | 19,1 | 19,9 |

[1] Hér verða tilfærslur upp á rúma 10 milljarða á milli áhættufjármuna og eiginfjár vegna eiginfjárhlutdeildar í öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum. *More than 10 billion krona is transferred from investments and long term claims to equity because of equity shares in other companys.*

**Skýringar** *Notes*: Árið 2006 var samræmt skattframtal rekstraraðila, sem nær yfir flest fyrirtæki í atvinnugreininni, stækkað um 8%, 4% árið 2007 en skattframtalið var óbreytt árin 2008–2012. *In 2006 the Enterprise Accounts Register covered nearly 92% of the fishing and fish processing industry, 96% in 2007, but it was unadjusted 2008–2012. This register is a standardised register of annual acccounts and submitted to tax authorities.*

## Tafla 5. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í frystingu 2012
*Table 5. Distribution of establishments in freezing by gross share of capital 2012*

| Verg hlutdeild<br>*Share of capital gross* | Fjöldi eininga í úrtaki<br>*Number of establishments in the sample* | Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, %<br>*Share of sample in turnover, %* | Meðalvelta, milljónir króna<br>*Average turnover per establishment, million ISK* |
|---|---|---|---|
| **Alls *Total*** | **36** | **100** | **2.168** |
| <0 | 6 | 1,4 | 186 |
| 0–5 | 4 | 16,9 | 3.298 |
| 5–10 | 8 | 9,6 | 936 |
| 10–15 | 4 | 5,0 | 967 |
| 15–20 | 5 | 9,7 | 1.511 |
| 20–25 | 2 | 3,0 | 1.167 |
| >25 | 7 | 54,4 | 6.070 |

**Skýringar** *Notes*: Deildir sem frystu botnfisk 2012. *Establishments freezing demersal species in 2012.*

## Tafla 6. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í söltun 2012
*Table 6. Distribution of establishments in salting by gross share of capital 2012*

| Verg hlutdeild<br>*Share of capital gross* | Fjöldi eininga í úrtaki<br>*Number of establishments in the sample* | Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, %<br>*Share of sample in turnover, %* | Meðalvelta, milljónir króna<br>*Average turnover per establishment, million ISK* |
|---|---|---|---|
| **Alls *Total*** | **26** | **100,0** | **1.129** |
| < -5 | 5 | 12,4 | 727 |
| -5–0 | 3 | 3,1 | 299 |
| 0–5 | 4 | 2,9 | 214 |
| 5–10 | 3 | 10,9 | 1.064 |
| 10–15 | 7 | 27,2 | 1.140 |
| 15–20 | – | – | – |
| 20–25 | 2 | 36,2 | 5.314 |
| >25 | 2 | 7,4 | 1.083 |

**Skýringar** *Notes*: Deildir sem söltuðu botnfisk 2012. *Establishments salting demersal species in 2012.*

**Tafla 7. Dreifing afkomu 920 fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2012**
*Table 7. Profit distribution of 920 enterprises in fishing and fish processing 2012*

| Hreinn hagnaður sem hlutfall af tekjum *Net profit as a percentage of revenue* | Fjöldi fyrirtækja *Number of enterprises* | Hlutdeild í veltu allra í úrtaki *Share of sample in turnover (%)* | Meðalvelta, millj. kr. *Average turnover per establishment, million ISK* | Hlutfall tekna af útgerð *Share of fishing in total revenue, %* | Hlutfall tekna af útgerð frystitogara *Share of freezer trawlers in total rev., %* | Verg hlutdeild sem hlutfall af tekjum *Gross share of capital as a perc. of revenue* | Eiginfjár-hlutfall *Equity ratio* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Alls** ***Total*** | **920** | **100,0** | **329** | **44,1** | **17,1** | **21,5** | **23,6** |
| < -10 | 340 | 3,8 | 34 | 54,1 | 0,0 | 7,0 | -30,8 |
| -10– -5 | 56 | 2,3 | 123 | 72,3 | 0,0 | 13,1 | -34,0 |
| -5–0 | 78 | 6,4 | 247 | 48,2 | 19,2 | 9,9 | -10,8 |
| 0–5 | 121 | 9,8 | 246 | 17,1 | 0,0 | 6,9 | -14,7 |
| 5–10 | 90 | 18,9 | 636 | 43,0 | 17,1 | 19,9 | 29,4 |
| 10–15 | 57 | 11,1 | 588 | 44,6 | 2,3 | 18,6 | 11,7 |
| 15–20 | 61 | 12,6 | 627 | 45,6 | 21,2 | 26,0 | 38,0 |
| 20–25 | 34 | 20,2 | 1.800 | 55,8 | 35,4 | 27,9 | 37,0 |
| >25 | 83 | 14,9 | 545 | 37,1 | 16,9 | 32,6 | 45,2 |

**Skýringar** *Notes*: Með hreinum hagnaði er átt við hreinan hagnað eins og hann er skilgreindur í rekstrarreikningum fyrirtækjanna, þ.e. með því að gjaldfæra afskriftir og fjármagnskostnað fyrirtækjanna. Hagnaður fyrirtækisins er hagnaður af allri starfseminni hvort sem um er að ræða botnfiskveiðar og -vinnslu, uppsjávarveiðar og -vinnslu, rækjuvinnslu eða einhverja aðra starfsemi á sviði sjávarútvegs. *Here, net profit is defined according to bookkeeping practises, i.e. imputed cost of capital is not used but the conventional methods, cf. tables 2 and 3. The figures show net profit by enterprises, not by establishments.*

**Tafla 8. Dreifing eiginfjárhlutfalls fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2011–2012**
*Table 8. Distribution of equity ratio 2011–2012, all enterprises in the sample*

| Eiginfjárhlutfall *Equity ratio* | Fjöldi eininga í úrtaki *Number of establishments in the sample* | Eiginfjár-hlutfall (%) *Equity ratio (%)* | Hlutdeild í eignum (%) *Share of total assets (%)* | Hlutdeild í tekjum (%) *Share of operating revenue (%)* |
|---|---|---|---|---|
| **2012** | | | | |
| **Alls** ***Total*** | **905** | **23,6** | **100,0** | **100,0** |
| < -100 | 92 | -261,2 | 1,2 | 1,9 |
| -75– -100 | 25 | -83,8 | 0,9 | 1,2 |
| -50– -75 | 43 | -58,5 | 2,3 | 2,6 |
| -25– -50 | 66 | -36,7 | 1,4 | 1,6 |
| 0– -25 | 142 | -11,8 | 13,6 | 10,9 |
| 0–25 | 125 | 16,2 | 21,4 | 17,8 |
| 25–50 | 104 | 36,0 | 42,1 | 44,8 |
| 50–75 | 89 | 59,4 | 11,0 | 12,9 |
| >75 | 219 | 91,0 | 6,2 | 6,3 |
| | | | | |
| <0 | 368 | -37,3 | 19,3 | 18,2 |
| 0> | 537 | 38,2 | 80,7 | 81,8 |
| | | | | |
| **2011** | | | | |
| **Alls** ***Total*** | **808** | **3,7** | **100,0** | **100,0** |
| < -100 | 95 | -223,2 | 1,5 | 2,4 |
| -75– -100 | 21 | -90,4 | 2,3 | 2,5 |
| -50– -75 | 38 | -63,3 | 1,5 | 1,4 |
| -25– -50 | 49 | -38,2 | 1,4 | 2,4 |
| 0– -25 | 98 | -13,4 | 13,7 | 13,5 |
| 0–25 | 121 | 15,3 | 22,5 | 19,1 |
| 25–50 | 83 | 41,1 | 45,0 | 43,6 |
| 50–75 | 82 | 53,5 | 10,0 | 12,1 |
| >75 | 221 | 90,2 | 2,1 | 2,9 |
| | | | | |
| <0 | 301 | -42,5 | 20,3 | 22,3 |
| 0> | 507 | 36,7 | 79,7 | 77,7 |

**Skýringar** *Notes*: Ekki eru tiltækir efnahagsreikningar nokkurra einstaklingsfyrirækja. Þeir koma því ekki fram í dreifingu eiginfjárhlutfalls. *Few unincorporated firms are included in the operating accounts but not in the balance sheet because their assets are not recorded.*

## Tafla 9. Rekstraryfirlit sjávarútvegs 2012
*Table 9. Operating accounts of fishing and fish processing 2012*

| Milljónir króna *Million ISK* | Fiskveiðar *Fishing* | Fiskvinnsla *Fish processing* | Sjávarútvegur alls[1] *Fishing industry*[1] |
|---|---|---|---|
| **1. Tekjur alls *Operating revenues*** | **164.397** | **224.279** | **265.981** |
| 1.1 Útflutningstekjur *Export products* | 64.432 | 201.548 | 265.981 |
| 1.2 Seldur afli – Selt hráefni *Domestic sale of fresh fish* | 94.843 | 18.981 | – |
| 1.3 Aðrar tekjur *Other income* | 5.121 | 3.749 | – |
| **2. Aðföng alls *Operating expenses*** | **64.494** | **158.299** | **100.098** |
| 2.1. Hráefni *Raw material* | – | 124.456 | 1.762 |
| 2.2 Rafmagn *Electricity* | – | 4.603 | 4.603 |
| 2.3 Olíur *Oil* | 22.540 | – | 22.540 |
| 2.4 Tryggingar *Insurance* | 1.613 | 374 | 1.988 |
| 2.5 Umbúðir *Packaging* | 1.458 | 8.721 | 10.179 |
| 2.6 Flutningskostnaður *Transportation costs* | 1.082 | 4.807 | 5.889 |
| 2.7 Viðhald *Maintenance and repair* | 8.720 | 5.706 | 14.426 |
| 2.8 Veiðarfæri *Fishing gear* | 3.914 | – | 3.914 |
| 2.8 Önnur aðföng *Other intermediate consumption* | 25.167 | 9.632 | 34.798 |
| **3. Vinnsluvirði *Value added (3=1.-2.)*** | **99.903** | **65.980** | **165.882** |
| 4. Laun og tengd gjöld *Compensation of employees* | 58.758 | 26.468 | 85.227 |
| 5. Skattar á framleiðslu *Taxes on production* | – | 879 | 879 |
| **6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) *Share of capital, gross*** | **41.144** | **38.633** | **79.777** |
| **Hlutfall af tekjum *Percentage of revenue*** | **25,0** | **17,2** | **30,0** |
| 7. Afskriftir *Depreciation* | 12.056 | 4.845 | 16.901 |
| 8. Rekstrarafgangur *Operating surplus (8.=6.-7.)* | 29.088 | 33.788 | 62.876 |
| 9. Vextir og gengismunur *Interest and exchange rate adjustments* | 6.969 | 9.351 | 16.320 |
| **10. Hreinn hagnaður (EBT) *Net profit (10.=8.-9.)*** | **22.119** | **24.437** | **46.555** |
| Hlutfall af tekjum *Percentage of revenue* | 13,5 | 10,9 | 17,5 |
| 11. Árgreiðsla 6% *Imputed cost of capital 6%* | 15.733 | 6.843 | 22.576 |
| **12. Hreinn hagnaður *Profit (13.=6.-11.)*** | **25.411** | **31.790** | **57.201** |
| Hlutfall af tekjum *Percentage of revenue* | 15,5 | 14,2 | 21,5 |

[1] Hér hafa verið felld út viðskipti með hráefni á milli fiskveiða og fiskvinnslu. Seldur afli og aðrar tekjur koma á móti hráefninu. *Raw material netted out against domestic sale of fresh fish and other income.*

**Tafla 10. Rekstraryfirlit báta undir 10 brúttótonnum og strandveiða 2012**
*Table 10. Operating accounts of boats less than 10 GT and costal fishing 2012*

| Milljónir króna *Million ISK* | Samtals[1] *Total* *Boats less than 10 GRT* | Þar af:[2] Strandveiði-siglingar *Costal fishing* | Bátar undir 10 brl. *Boats less than 10 GRT* |
|---|---|---|---|
| **1. Tekjur alls *Operating revenues*** | **7.433** | **2.552** | **4.881** |
| 1.1 Útflutningstekjur *Export products* | 50 | – | 50 |
| 1.2 Selt hráefni *Fresh fish for processing* | 7.002 | 2406,9 | 4.595 |
| 1.3 Aðrar tekjur *Other income* | 381 | 145,6 | 236 |
| **2. Gjöld alls *Operating expenses*** | **6.603** | **2.368** | **4.236** |
| 2.1 Aflahlutir *Fishermen's shares* | 1.380 | 505,4 | 875 |
| 2.2 Önnur laun *Other wages* | 473 | – | 473 |
| 2.3 Launatengd gjöld *Labour related costs* | 325 | 88,5 | 237 |
| 2.4 Olíur *Oil* | 860 | 386,4 | 474 |
| 2.5 Veiðarfæri *Fishing gear* | 142 | 47,6 | 94 |
| 2.6 Viðhald *Maintenance and repair* | 779 | 361,2 | 418 |
| 2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. *Packaging and freezing cost* | – | – | – |
| 2.8 Flutningskostnaður *Transportation cost* | 381 | 144,1 | 237 |
| 2.9 Laun v/skrifstofu *Salaries* | – | – | – |
| 2.10 Skrifstofukostnaður *Overhead cost, excluding salaries* | 678 | 284,9 | 394 |
| 2.11 Tryggingar *Insurance* | 117 | – | 117 |
| 2.12 Sölukostnaður *Sales cost* | – | – | – |
| 2.13 Löndunarkostnaður *Landing cost* | – | – | – |
| 2.14 Önnur gjöld *Other expenses* | 1.467 | 549,7 | 917 |
| **3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)** | | | |
| ***Share of capital, gross*** | **830** | **185** | **645** |
| Hlutfall af tekjum *Percent of revenue* | 11,2 | 7,2 | 13,2 |
| 4. Afskriftir *Depreciation* | 750 | 388,8 | 361 |
| 5. Vextir og gengismunur *Interest and exchange rate adjustments* | 364 | -92,8 | 457 |
| **6. Hreinn hagnaður (EBT) *Profit (6.=3.-4.-5.)*** | **-284** | **-296,7** | **-173** |
| Hlutfall af tekjum *Percent of revenue* | -3,8 | -11,6 | -3,5 |
| 7. Árgreiðsla, 6% *Imputed cost of capital, 6%* | 1.105 | 933,9 | 171 |
| **8. Hreinn hagnaður *Profit (8.=3.-7.)*** | **-275** | **-749** | **474** |
| Hlutfall af tekjum *Percent of revenue* | -3,7 | -29,3 | 9,7 |

Tafla 10. Rekstraryfirlit báta undir 10 brúttótonnum og strandveiða 2012 (frh.)
*Table 10. Operating accounts of boats less than 10 GT and costal fishing 2012 (cont.)*

| Milljónir króna *Million ISK* | Samtals[1] *Total Boats less than 10 GRT* | Þar af:[2] Strandveiði-siglingar *Costal fishing* | Bátar undir 10 brl. *Boats less than 10 GRT* |
|---|---|---|---|
| **Upplýsingar um skip** ***Characteristics of vessels*** | | | |
| Fjöldi *Fleet – number of vessels* | 1.042 | 564 | 478 |
| Brúttótonn (brúttótonn – meðaltal) *Fleet – average GT* | 8 | 11 | 6 |
| Skráð lengd (metrar – meðaltal) *Fleet – average length* | 8 | 8 | 8 |
| Vélarstærð (kW) *Fleet – average kW* | 124 | 117 | 131 |
| Meðalsmíðaár *Fleet – building year* | 1989 | 1986 | 1992 |
| Vátryggingaverðmæti, milljónir króna *Insurance value, million ISK* | 9.254 | 5.973 | 3.282 |
| | | | |
| **Afli, þúsund tonn** ***Volume, thousand tonnes*** | **26,2** | **9,2** | **17,0** |
| Þorskur *Cod* | 16,1 | 6,8 | 9,2 |
| Ýsa *Haddock* | 1,9 | 0,2 | 1,7 |
| Ufsi *Saithe* | 2,5 | 0,9 | 1,7 |
| Karfi *Redfish* | 0,3 | 0,2 | 0,1 |
| Annað *Other* | 5,5 | 1,2 | 4,3 |
| | | | |
| **Verðmæti, milljónir kr.** ***Value, million ISK*** | **7.049** | **2.558** | **4.491** |
| Þorskur *Cod* | 4.727 | 2.049 | 2.678 |
| Ýsa *Haddock* | 543 | 59 | 484 |
| Ufsi *Saithe* | 449 | 154 | 295 |
| Karfi *Redfish* | 55 | 33 | 22 |
| Annað *Other* | 1.275 | 262 | 1.013 |

[1] Hér eru taldar veiðar allra smábáta undir 10 tonnum og þar með strandveiðar. *Included here are all fishing of small boats undir 10 GT, costal fishing included.*

[2] Rekstraryfirlit 564 strandveiðibáta. *The operating accounts of 564 costal boats.*

**Tafla 11. Rekstraryfirlit frystitogara og uppsjávarfrystitogara 2012**
*Table 11. Operating accounts of freezer trawlers and pelagic freezer trawlers 2012*

| Milljónir króna *Million ISK* | Samtals frystitogarar[1] *Total freezer trawlers[1]* | Uppsjávar-frystiskip[2] *Pelagic freezer trawlers[2]* | Frystitogarar *Demersal freezer trawlers* |
|---|---|---|---|
| **1. Tekjur alls *Operating revenues*** | **63.708** | **20.617** | **43.091** |
| 1.1 Útflutningstekjur *Export products* | 58.756 | 19.548 | 39.208 |
| 1.2 Selt hráefni *Fresh fish for processing* | 3.164 | – | 3.164 |
| 1.3 Aðrar tekjur *Other income* | 1.788 | 1.069 | 719 |
| **2. Gjöld alls *Operating expenses*** | **48.095** | **13.856** | **34.239** |
| 2.1 Aflahlutir *Fishermen's shares* | 19.264 | 5.760 | 13.504 |
| 2.2 Önnur laun *Other wages* | 2.385 | – | 2.385 |
| 2.3 Launatengd gjöld *Labour related costs* | 2.755 | 1.411 | 1.343 |
| 2.4 Olíur *Oil* | 8.875 | 1.753 | 7.122 |
| 2.5 Veiðarfæri *Fishing gear* | 1.542 | 481 | 1.061 |
| 2.6 Viðhald *Maintenance and repair* | 3.529 | 1.037 | 2.492 |
| 2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. *Packaging and freezing cost* | 1.458 | 527 | 932 |
| 2.8 Flutningskostnaður *Transportation cost* | 41 | 13 | 28 |
| 2.9 Laun v/skrifstofu *Salaries* | 273 | 62 | 211 |
| 2.10 Skrifstofukostnaður *Overhead cost, excluding salaries* | 1.165 | 275 | 890 |
| 2.11 Tryggingar *Insurance* | 526 | 201 | 325 |
| 2.12 Sölukostnaður *Sales cost* | 1.090 | – | 1.090 |
| 2.13 Löndunarkostnaður *Landing cost* | 1.084 | 375 | 710 |
| 2.14 Önnur gjöld *Other expenses* | 4.108 | 1.963 | 2.145 |
| **3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)** | | | |
| ***Share of capital, gross*** | **15.613** | **6.761** | **8.852** |
| Hlutfall af tekjum *Percent of revenue* | 24,5 | 32,8 | 20,5 |
| 4. Afskriftir *Depreciation* | 6.831 | 2.018 | 4.813 |
| 5. Vextir og gengismunur *Interest and exchange rate adjustments* | -636 | 261 | -897 |
| **6. Hreinn hagnaður (EBT) *Profit (6.=3.-4.-5.)*** | **9.418** | **4.482** | **4.936** |
| Hlutfall af tekjum *Percent of revenue* | 14,8 | 21,7 | 11,5 |
| 7. Árgreiðsla, 6% *Imputed cost of capital, 6%* | 5.311 | 1.746 | 3.565 |
| **8. Hreinn hagnaður *Profit (8.=3.-7.)*** | **10.302** | **5.015** | **5.287** |
| Hlutfall af tekjum *Percent of revenue* | 16,2 | 24,3 | 12,3 |

Tafla 11. Rekstraryfirlit frystitogara og uppsjávarfrystitogara 2012 (frh.)
*Table 11. Operating accounts of freezer trawlers and pelagic freezer trawlers 2012 (cont.)*

| Milljónir króna *Million ISK* | Samtals frystitogarar[1] *Total freezer trawlers[1]* | Uppsjávar-frystiskip[2] *Pelagic freezer trawlers[2]* | Frystitogarar *Demersal freezer trawlers* |
|---|---|---|---|
| **Upplýsingar um skip *Characteristics of vessels*** | | | |
| Fjöldi *Fleet - number of vessels* | 35 | 7 | 28 |
| Brúttótonn (brúttótonn – meðaltal) *Fleet – average GT* | 1.831 | 3.366 | 1.447 |
| Skráð lengd (metrar – meðaltal) *Fleet – average length* | 57 | 69 | 54 |
| Vélarstærð (kW) *Fleet – average kW* | 2.915 | 4.555 | 2.505 |
| Meðalsmíðaár *Fleet – Building year* | 1988 | 1996 | 1986 |
| Vátryggingaverðmæti (milljónir króna) *Insurance value (million ISK)* | 44.502 | 15.505 | 28.997 |
| **Afli, þúsund tonn *Volume, thousand tonnes*** | **418,1** | **261,7** | **156,3** |
| Þorskur *Cod* | 32,3 | 0,0 | 32,3 |
| Ýsa *Haddock* | 8,8 | – | 8,8 |
| Ufsi *Saithe* | 19,9 | 0,0 | 19,9 |
| Karfi *Redfish* | 38,8 | 0,0 | 38,8 |
| Humar *Lobster* | – | – | – |
| Rækja *Shrimp* | 3,0 | – | 3,0 |
| Síld *Herring* | 34,9 | 34,0 | 0,9 |
| Norsk-íslensk síld *Atlantic-Scandian herring* | 30,0 | 28,2 | 1,8 |
| Loðna *Capelin* | 126,7 | 126,7 | – |
| Kolmunni *Blue withing* | 23,7 | 23,2 | 0,5 |
| Makríll *Mackerel* | 75,7 | 49,2 | 26,5 |
| Annað *Other* | 24,2 | 0,4 | 23,8 |
| **Verðmæti, milljónir kr. *Value, million ISK*** | **61.920** | **19.548** | **42.372** |
| Þorskur *Cod* | 9.106 | 2 | 9.104 |
| Ýsa *Haddock* | 2.523 | – | 2.523 |
| Ufsi *Saithe* | 4.840 | 0 | 4.840 |
| Karfi *Redfish* | 11.163 | 5 | 11.158 |
| Humar *Lobster* | – | – | – |
| Rækja *Shrimp* | 1.072 | – | 1.072 |
| Síld *Herring* | 4.518 | 4.418 | 100 |
| Norsk-íslensk síld *Atlantic-Scandian herring* | 3.754 | 3.527 | 227 |
| Loðna *Capelin* | 3.771 | 3.771 | – |
| Kolmunni *Blue withing* | 1.656 | 1.636 | 21 |
| Makríll *Mackerel* | 10.126 | 5.971 | 4.156 |
| Annað *Other* | 9.391 | 219 | 9.172 |

[1] Hér eru taldar veiðar allra frystitogara sem frysta meira en 50%. *Included here are all freezer trawler that freeze more than 50%.*

[2] Rekstraryfirlit 7 uppsjávarfrystiskipa. *The operating accounts of 7 pelagic freezer trawlers.*

Hagtíðindi
Statistical Series
98. árg. • 39. tbl.
ISSN 0019-1078

Sjávarútvegur og landbúnaður
*Fisheries and agriculture*
2013:4
ISSN 1670-4533 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4541 (rafræn útgáfa *PDF*)
Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7
Umsjón *Supervision* Gyða Þórðardóttir • gyda.thordardottir@hagstofa.is
Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*